

✉ Re: Dalvíkurlína 2 - Tillaga á vinnslustigi - Umsagnarbeiðni

Búið til	18.10.2022 10:27:48
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	18.10.2022 10:27:47
Tilheyrir	 202209-0027 - Dalvíkurlína 2 - Tillaga á vinnslustigi - Umsagnarbeiðni

Efni

Re: Dalvíkurlína 2 - Tillaga á vinnslustigi - Umsagnarbeiðni

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	18.10.2022 10:27:47	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	mariam@akureyri.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202209-0027 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá þjónustu- og skipulagssviði Akureyjarbæjar, dags. 27. september 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu á vinnslustigi að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030.

Breytingin snýr að lagningu Dalvíkurlínu 2 innan marka sveitarfélagsins. Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Akureyjarbæjar um skipulagslýsingu tillögunnar þann 18. janúar 2022. Sú umsögn var sameiginleg með umsögnum til Hörgársveitar og Dalvíkurbyggðar um sömu framkvæmd.

Í þeirri umsögn kom fram að Náttúrufræðistofnun teldi jákvætt að leggja ætti Dalvíkurlínu 2 í jarðstreng frekar en loftlínu en þannig drægi bæði úr ásynðaráhrifum og áflugshættu fyrir fugla. Ekki voru gerðar sérstakar athugasemdir við legu strengsins innan Akureyjarbæjar.

Náttúrufræðistofnun veitti einnig umsögn til Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar þann 24. ágúst 2022. Í þeirri umsögn kom fram að eini staðurinn þar sem jarðstrengurinn liggur utan veglínu er í landi AKureyjarbæjar. Það er stuttur kafli þar sem strengurinn mun liggja yfir gróðurlendi frá Hlíðarvegi í Kræklingahlíð að tengivirkinu við Rangárvelli. Náttúrufræðistofnun mat sem svo að þar sem það gróðurlendi væri einkum graslendi og ræktarland væri ekki um gróðurfur með hátt verndargildi að ræða sem yrði raskað.

Breytingartillagan sem hér er til umsagnar endurspeglar að fullu þá framkvæmd sem var til umfjöllunar í matsskyldufyrirspurninni og ekki hafa orðið forsendubreytingar að neinu ráði. Álit Náttúrufræðistofnunar í fyrri umsögnum um málið á því enn við og ekki er þörf á frekari athugasemdir á þessu stigi.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "María Markúsdóttir" <mariam@akureyri.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "ssne@ssne.is" <ssne@ssne.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "mila@mila.is" <mila@mila.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Sædís Gunnarsdóttir" <saedis@minjastofnun.is>; "Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra" <hne@akureyri.is>; "Skipulag" <skipulag@no.is>; "rarik@rarik.is" <rarik@rarik.is>; "tengir@tengir.is" <tengir@tengir.is>; "Erindi - HAFRO" <erindi@hafogvatn.is>

CC:

Subject: Dalvíkurlína 2 - Tillaga á vinnslustigi - Umsagnarbeiðni

Date: 27.9.2022 13:50:08

Góðan dag,

óskað er umsagnar um meðfylgjandi tillögu á vinnslustigi að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 vegna áforma um lagningu Dalvíkurlínu 2. Tillagan er í kynningu til 19.október nk. og er umsagnar óskað innan þess tíma ef kostur er.

Með kveðju,

María Markúsdóttir

Verkefnastjóri skipulagsmála

Þjónustu- og skipulagssvið

Geislagötu 9, 600 Akureyri

Beinn sími / Direct: (354) 460 1144

mariam@akureyri.is (<mailto:mariam@akureyri.is>)

<https://www.akureyri.is> (<https://www.akureyri.is/>)

Fyrirvari um tölvupóst / Email disclaimer (<https://www.akureyri.is/is/moya/page/fyrirvari-um-tolvupost>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)